

Skilmálar/Húsreglur	Terms/House Rules
Almennt Kjarval ehf., kt. 670418-0140, rekur skrifstofu- og samkomurými við Austurvöll í Reykjavík undir heitinu Vinnustofa Kjarval, sem fyrirtæki og einstaklingar geta nýtt til ráðstefnu- og fundarhalda, vinnu og afþreyingar. Vinnustofan er staðsett í hjarta borgarinnar, með glæsilegu útsýni yfir miðborgina og nágrenni. Hún er sérlega vel til þess fallin að taka á móti erlendum og innlendum viðskiptavinum, hitta samstarfsfólk vegna vinnu eða utan hennar, rækta tengsl við aðra eða sinna störfum sínum í næði frá dagsins önn. Vinnustofan er um 700 fermetrar að gólfleti á tveimur efstu hæðum samliggjandi húsa nr. 10a og 12 við Austurstræti. Rúmgóðar svalir eru til suðurs að Austurvelli og norðurs að Austurstræti. Góð aðstaða er til funda- og samkomuhalds á vinnustofunni og boðið er upp á drykk og mat í samstarfi við nærliggjandi veitingastaði. Rík áhersla er lögð á að gestir njóti næðis kjósi þeir svo og viðskiptavinir sýni hver öðrum gagnkvæma virðingu. Þessar húsreglur voru síðast uppfærðar 1. mars 2024 og öllum viðskiptavinum, gestum þeirra og starfsfólki ber að fylgja þeim. Markmið þeirra er að tryggja gæði þjónustunnar og hámarka ánægju viðskiptavina.	In general Kjarval ehf., ID no. 670418-0140, operates Vinnustofa Kjarval - an office and meeting space, coworking- and social platform in downtown Reykjavik, Iceland - hereafter referred to as Kjarval. Kjarval is located in the heart of Reykjavik city, with magnificent views of the city center and its surroundings. Kjarval is particularly well-suited to meet clients and colleagues for or outside work, cultivate relationships with others or work in privacy. Kjarval covers about 700 square meters on the two top floors of adjacent houses no. 10a and 12 in Austurstræti. There is a spacious balcony to both south and north. Kjarval offers good facilities for meetings and gatherings and drinks and food in collaboration with nearby restaurants. Great emphasis is placed on guests enjoying privacy if they choose and mutual respect. These house rules were updated on March 1st 2024 and all customers, their guests, and staff must follow them. Their goal is to ensure the quality of service and maximize customer satisfaction.
1. Aðild Einstaklingar og fyrirtæki geta verið aðilar að Vinnustofu Kjarval, enda undirriti aðilar samning þar að lútandi. Með undirritun samnings samþykkir notandi þessa skilmála/húsreglur staðarins. Viðskiptavinur fær aðgangskort í samræmi við ákvæði og tilgreindan fjölda í samningi. Hvert aðgangskort skal skráð á einstakling sem fær kortið til uppsetningar í símtæki sínu. Með	1. Membership Individuals and businesses can be members of Vinnustofa Kjarval, provided that the parties sign an agreement to that effect. By signing a contract, the user agrees to these terms/rules of the place. The customer receives an access card(s) in line with the provisions and specified number in the contract. Each access card is assigned to a person who gets the card for

aðgangskorti hefur viðskiptavinur aðgang að Vinnustofu Kjarval, opnum svæðum, fundarýmum og veitingaaðstöðu á almennum opnunartíma vinnustofunnar. Hvert aðgangskort er eingöngu ætlað þeim sem er skráður á kortið. Aðild er að lágmarki til eins árs og endurnýjanleg eftir það á ársgrundvelli. Ef viðskiptavinur vill segja upp aðild sinni skal það gert skriflega og með þriggja mánaða fyrirvara. Uppsögn skal miðast við mánaðamót.	installation on their telephone. The customer has access to Vinnustofa Kjarval, open areas, meeting rooms, and restaurant facilities during the studio's general opening hours. Each access card is for the person registered on the card only. Membership is for a minimum of one year and renewable after that on an annual basis. If a customer wishes to terminate his membership, the termination must be done in writing and with three months' notice. Termination is based on the end of the month.
2. Opnunartími Vinnustofa Kjarval er opin fyrir korthafa og hans gesti á almennum afgreiðslutíma. Afgreiðslutíminn getur tekið breytingum eftir aðstæðum, t.d. eftir árstíðum og aðsókn yfir lengri tíma. Vinnustofan skal þó að lágmarki vera opin sex daga vikunnar. Upplýsingar um afgreiðslutíma eru ávallt aðgengilegar á www.kjarval.com. Korthöfum og gestum þeirra er ekki hleypt inn eftir auglýstan lokunartíma. Kjarval ehf. er heimilt að loka Vinnustofu Kjarval vegna einkasamkvæma 15 sinnum á ári.	2. Opening hours Kjarval is open to members and their guests during normal business hours. The opening hours may change depending on circumstances. However, the workshop shall be open for a minimum of six days a week. Information on opening hours is available on www.kjarval.com. Kjarval may be closed 15 times a year for private events
3. Fundabókanir Rafrænt bókunarkerfi fyrir fundarrými er á vefsíðunni kjarval.com og bókunarappi sem korthafi getur sett upp í símanum sínum. Ef fundarherbergi er laust er hægt að bóka það án fyrirvara. Vilji viðskiptavinur tryggja aðgengi að tilteknu rými á tilteknum tíma er rétt að bóka rýmið með hæfilegum fyrirvara. Tekið skal mið af fjölda fundargesta við bókun á einstaka fundarrýmum, svo litlir fundir séu ekki haldnir í stórum rýmum að óþörfu. Til að tryggja góða nýtingu fundaherbergja, auðvelda notendum að afbóka rýmin ef fundir falla niður og tryggja jafnræði notanda, gilda eftirfarandi reglur um notkun fundaherbergja: • Hver korthafi getur að hámarki bókað fundaherbergi í 8 klst. á viku. • Séu fundargestir ekki mættir þegar 15 mínútur eru liðnar af bókuðum fundartíma fellur fundarbókun sjálfkrafa niður og aðrir geta bókað herbergið.	3. Meeting rooms Booking of the meeting rooms is made via www.kjarval.com and the Skedda booking app that members install on their phones. If a meeting room is available, you can book it without notice. If the customer wants to ensure access to a specific space at a specific time, it is appropriate to book the space at a good time. When booking meeting spaces, the number of guests should be considered, so small meetings are not held in large rooms. To ensure good utilization of meeting rooms, make cancellations easier, and ensure the equality, the following rules apply to the use of meeting rooms: • Each member can book a meeting room for a maximum of 8 hours per week. • The booking is automatically canceled 15 minutes into a meeting if the meeting members have not arrived.

• Korthafi getur aðeins bókað eitt rými í einu. Korthafi getur aðeins bókað fundarýmið fyrir sig, en ekki aðra starfsmenn síns fyrirtækis, maka eða óviðkomandi. • Viðskiptavinir sem greiða fyrir eina aðild hafa ekki aðgang að stærri fundarherbergjum (fyrir 7 manns og fleiri) í bókunarkerfinu en geta sent tölvupóst á kjarval@kjarval.com þegar þörf er á stærra rými. • Meðlimir með <i>Social</i> aðild hafa ekki aðgang að bókunarkerfi Vinnustofunnar en geta bókað fundarherbergi og lokuð vinnurými gegn tímagjaldi í samræmi við verðskrá.	• Members can only book one meeting space at a time. • Members can only book a meeting room for themselves, and not friends, spouses, co-workers, or others. • Members who pay for one membership only do not have access to the larger meeting rooms (with capacity for 7 persons or more) in the booking system but can send an email to kjarval@kjarval.com when a larger meeting room is required. • <i>Kjarval Social</i> members do not have access to the booking system but can book both meeting rooms and private office spaces for an additional hourly rate, as per the pricing guide.
4. Skráning viðskiptavina Upplýsingar um nöfn viðskiptavina eru vistuð í gagnagrunni til að tryggja samfellu í þjónustunni og ánægju viðskiptavina. Þar eru skráð nöfn, kennitölur og netföng samningsaðila. Nöfn, netföng og símanúmer korthafa eru skráð í grunninn, en hvorki kennitala þeirra né heimilisfang. Vinnustofu Kjarval er heimilt að senda fréttabréf og aðrar upplýsingar rafrænt á netföng korthafa, þ.m.t. upplýsingar um viðbótarþjónustu eða tilboð. Notandi getur á hverjum tíma afþakkað slíkar póstsendingar og afskráð sig af póstlista. Öll vinnsla persónuupplýsinga fer fram í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (nr. 77/2000).	4. Customer information Kjarval stores customer information – names, emails and phone numbers in a database to ensure continuity of service and customer satisfaction. Kjarval can send newsletters and other information electronically to members, including information on additional services or offers. Members can reject such mailings and unsubscribe from the mailing list. All processing of personal data is in line with the <i>Act on Personal Data Protection and Processing of Personal Data (No. 77/2000)</i>
5. Greiðsla aðildargjalda og annarrar þjónustu Aðildargjöld eru innheimt mánaðarlega með rafrænum reikningum sem sendir eru í netbanka og gjaldfalla 1. hvers mánaðar. Kjósi notandi að gjaldfæra aðildargjöld af greiðslukorti er gjaldfærsla gerð 26. hvers mánaðar fyrir komandi mánuð. Viðskiptavinir geta jafnframt valið að greiða aðildargjöld fyrirfram ársfjórðungslega eða árlega. Ef ekki tekst að gjaldfæra aðildargjöld eða reikningur er ekki greiddur innan 30 daga frá eindaga er lokað fyrir aðgang að Vinnustofu Kjarvals, þar til gjaldfallnir reikningar hafa verið greiddir. Ef kemur til slíkrar lokunar eða	5. Payment of membership fees and other services Membership fees are collected monthly with electronic invoices, due on the 1st of each month. A member who pays with a credit card is charged on the 26th of each month for the coming month. Members can pay membership fees in advance, quarterly, or annually. If a member does not pay an invoice within 30 days from the given deadline, he can not access Kjarval until overdue invoices are paid. In the event of termination of a membership contract due to non-compliance, the client shall reimburse an

riftunar á samningi vegna vanefnda getur Kjarval ehf. kafið viðskiptavin um greiðslu upphæðar sem jafngildir hefðbundnum uppsagnarfresti skv. 1. gr. þessara skilmála/húsreglna. Samningsaðilar geta verið í reikningsviðskiptum að tiltekinni hámarksupphæð, gegn skráningu á greiðslukorti til tryggingar greiðslunni. Greiðandi er ábyrgur fyrir því að upplýsa Vinnustofu Kjarval um breytingar á greiðsluupplýsingum ef þær verða. Reikninga vegna keyptra veitinga skal gera upp áður en korthafar yfirgefa húsið. Ef korthafi er í reikningsviðskiptum skal hann staðfesta vörukaup með undirritun sinni. Yfirgefi korthafi húsið án uppgjörs eru veitingar skráðar á viðskiptareikning hans og innheimtar í framhaldinu með til þess bærum hætti, auk þess sem ítrekuð tilvik og vanskil geta leitt til uppsagnar á aðildarsamningi og innheimtu á ógreiddum vörukaupum.	amount equivalent to the traditional notice period, according to Art. Article 1 of these terms/house rules. Members can put purchases on their bills if they provide a credit card to secure the payment. The member is responsible for informing Kjarval about credit card changes if they occur. Settlement for purchased goods must be finalized before members leave the house, either with a signing of an invoice or direct payment. If a member leaves the house without paying for goods Kjarval will collect the debt. Such actions may result in extra costs for the member. Repeated failure to settle a bill before leaving may result in termination of membership.
6. Aðgangskort Aðgangskort í síma tryggir aðgang korthafa að Vinnustofu Kjarval. Kortið er eingöngu fyrir þann sem er skráður notandi og honum er óheimilt að lána öðrum kortið/símamann til notkunar á staðnum. Starfsfólki er heimilt að biðja gesti um að framvísa aðgangskorti sínu og/eða skilríkjum við inngang eða við pöntun á veitingum eða þjónustu. Korthafar eru hvattir til að tilkynna öll vandkvæði við notkun aðgangskorts, t.d. með tölvupósti á kjarval@kjarval.com eða í samtali við starfsfólk og mun starfsfólk aðstoða eftir þörfum.	6. Access card Members set up an electronic access card to Kjarval on their smartphones upon registration. The card is only intended for the registered user, who is forbidden to lend the card/phone to others for use. Kjarval employees may ask guests to present their access cards and/or ID at the entrance or during services. We encourage members to report any technical problems using the access card, e.g., by e-mail to kjarval@kjarval.com or verbally to the employees. Staff will assist as needed.
7. Öryggi og vellíðan Vinnustofu Kjarval er annnt um öryggi og vellíðan viðskiptavina, annarra gesta og starfsmanna. Öryggismyndavélar eru staðsettar við innganga og í opnum rýmum á vinnustofunni. Rafræn vöktun er í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (nr. 77/2000) en megintilgangur með öryggismyndavélunum er að vernda hagsmuni viðskiptavini Vinnustofu Kjarval.	7. Safety and well-being Kjarval cares about the safety and well-being of members, other guests, and employees. Security cameras are located at the entrance and in open spaces to secure appropriate surveillance and protect the interests of Kjarval's customers. Electronic monitoring follows the Icelandic Personal Data Protection Act (No. 77/2000). We protect our members' privacy by all means, and we expect all guests to show each other mutual respect. Photography of

Rík áhersla er lögð á að gestir njóti næðis kjósi þeir svo og viðskiptavinir sýni hver öðrum gagnkvæma virðingu. Myndatökur af viðskiptavinum og gestum er óheimil. Korthöfum og gestum þeirra ber að sýna starfsfólki og öðrum gestum tillitsemi og virðingu.	members, their guests, and Kjarval employees is not allowed.
8. Gestir Korthafi getur boðið allt að fimm gestum með sér á Vinnustofu Kjarval. Korthafi skal vera á staðnum með sínum gestum, en getur fengið aðgangskóða hjá starfsfólki í veitingasal. Gestakóðar gilda í stuttan tíma hvert sinn og þeim er skipt reglulega út, til að fyrirbyggja aðsókn óviðkomandi að vinnustofunni. Korthafi er ábyrgur fyrir sínum gestum, framkomu þeirra, fylgni við skilmála/húsreglur, tjóni sem þeir kunna að valda og uppgjöri vegna kaupa á veitingum. Gestir skulu hafa náð 25 ára aldri eða vera í fylgd forráðamanna. Korthöfum og gestum þeirra er ekki hleypt inn eftir auglýstan lokunartíma.	8. Guests Each member can invite up to five guests to Kjarval at any given time. A member must be present with his guests but is allowed to provide his guests with an access code for entrance. Our employees have the information on daily guest codes and will deliver them upon request. A member is responsible for his guests, their behavior, compliance with house rules, damages they may cause, and payment for purchases. The minimum age of guests is 25 years. Members and their guests are not allowed in after closing.
9. Börn Þótt Vinnustofa Kjarval taki fyrst og fremst mið af þörfum fullorðinna eru börn velkomin í fylgd forráðamanna til kl. 18. Korthafa ber að taka tillit til annarra þegar börn eru með í för og er hann ábyrgur fyrir þeim.	9. Children Although Kjarval focuses on the needs of adults, children are welcome accompanied by guardians until 6 PM. Members are responsible for the children they bring to Kjarval and must consider the circumstances, the needs of other guests, their right to privacy, etc.
10. Klæðnaður Vinnustofa Kjarval stendur vörð um einstaklingsfrelsi og fagnar skapandi hugsun í hvaða mynd sem hún birtist. Við gerum ekki sérstakar kröfur um klæðaburð, en ætlumst þó til þess að allir séu hreinir og snyrtilega klæddir. Annars er allt leyfilegt.	10. Dress Code Having creativity as a critical value, our members can express themselves through clothing. As long as you're clean and tidy, you're welcome to dress the way you want. If you want to fit in, our clientele prefers business or smart casual clothing. Dress codes may apply at special events.
11. Friðhelgi og samskipti Rík áhersla er lögð á að gestir njóti næðis kjósi þeir svo og viðskiptavinir sýni hver öðrum gagnkvæma virðingu. Við gerum kröfu um jákvætt viðmót og almenna kurteisi og bönnum myndatökur af viðskiptavinum og starfsfólki án leyfis. Við ætlumst til þess að fólk tilgreini ekki	11. Privacy and communication Our members and their guests are entitled to privacy, and customers must show each other mutual respect. We expect a positive attitude and general courtesy from our staff and guests. Photography is not allowed, and we expect all guests to refrain from

viðveru einstaklinga á Vinnustofu Kjarvals á samfélagsmiðlum, á spjallþráðum eða í samtölum við fjölmiðla. Áreitni af hvaða tagi sem er, hótanir eða aðdróttanir eru ekki liðnar og geta leitt til tafarlausrar brottvísunar af staðnum, hvort sem hún beinist gegn starfsfólki eða gestum. Slík framkoma getur jafnframt verið ástæða riftunar á samningi um aðild að Vinnustofu Kjarval.	mentioning the presence of individuals at Kjarval on social media, in discussion threads, or when in contact with the media. We don't tolerate harassment of any kind, threats, or harassment. It may lead to immediate expulsion, whether directed at staff or guests. Such conduct may also be the reason for the termination of the agreement on membership in Vinnustofa Kjarval.
12. Farsímar, myndavélar og upptökutæki Til að tryggja afslappað andrúmsloft skulu korthafar og gestir tala lágt í síma og lágmarka ónæðið sem hlýst af símtækjum, t.d. með því að hafa þau á hljóðlausri stillingu. Myndsímtöl skulu aðeins fara fram á afmörkuðum svæðum. Notkun myndavéla eða annarra upptökutækja er óheimil í húsinu án sérstaks leyfis, þar með talið streymi úr síma eða tölvu til dreifingar á samfélagsmiðlum. Vinnustofa Kjarval áskilur sér rétt til að stöðva slíka mynddreifingu og grípa til viðeigandi ráðstafana ef myndir eða upptökur sem gerðar voru í leyfisleysi eru í dreifingu. Semja þarf um myndatökur í einkasamkvæmum á vegum samningsaðila áður en efnt er til þeirra. Myndatökur í hvers kyns augýsingaskyni eru óheimilar. Nota skal heyrnartól þegar tónlist eða önnur hljóð eru spiluð úr tölvum og símtækjum, enda ættu aðrir ekki að verða fyrir ónæði af þeim orsökum.	12. Mobile phones, cameras, and recorders To ensure a relaxed atmosphere, members and visitors should talk quietly on the phone and minimize the nuisance caused by telephones, e.g., keeping them in silent mode. Video calls should only take place in designated areas. Members and their guests should use headphones when playing music or other sounds from computers and telephones, as others should not be disturbed. Cameras and other recorders are not permitted at Kjarval without special permission, including streaming from smartphones or laptops for distribution on social media. Kjarval is entitled to stop such broadcasting and take appropriate measures if members distribute images or recordings made without permission. Photography and film shoots for commercial and PR purposes is not permitted. Filming and photography in private events must be approved and scheduled in advance.
13. Trúnaður Stjórnendur og allir starfsmenn Vinnustofu Kjarval eru bundnir fyllsta trúnaði um allt sem snýr að viðskiptavinum og þeirra gestum, veru þeirra á staðnum, fundi, viðskipti, orð og gjörðir.	13. Confidentiality The management and employees of Kjarval treat all issues related to customers and their guests, their presence on-site, meetings, business, words, and deeds as confidential.
14. Ólögleg lyf og annar varningur Enginn korthafi eða gestur má kaupa, neyta, eiga, selja eða dreifa á annan hátt ólöglegum fíkniefnum á staðnum. Verði korthafi eða gestur á hans vegum uppvís að slíku verður viðkomandi umsvifalaust gert að yfirgefa staðinn. Slíkt getur jafnframt leitt til riftunar samnings um aðgang að Vinnustofu Kjarval.	14. Illegal drugs and other goods No member, guest, or employee may buy, consume, own, sell or otherwise distribute illegal drugs at Kjarval. If exposed, the person in question will immediately be asked to leave the place. Such incidents may also cause termination of membership.

Enginn skal heldur kaupa, selja eða nota annars konar ólöglegar eða illa fengnar vörur í húsnæði vinnustofunnar. Ef slíkur varningur finnst verður hann gerður upptækur og afhentur lögreglu.	No one should buy, sell or use any illegal or stolen goods at Kjarval. If we discover such goods, they will be confiscated and handed over to the police.
15. Matur og drykkur Korthöfum og þeirra gestum er ekki heimilt að hafa mat og drykk meðferðis til neyslu á Vinnustofu Kjarvals, enda eru veitingar til sölu á staðnum. Það sama á við um veitingar í einkasamkvæmum, sem ávallt skulu pantaðar hjá Kjarval ehf. en ekki hafðar meðferðis eða keyptar af þriðja aðila án milligöngu Vinnustofu Kjarval.	15. Food and drink Members and their guests cannot bring food and drink for consumption to Kjarval, as refreshments are for sale on site. The same applies to refreshments in private events, which must be purchased from Kjarval but not from a third party without the mediation of Kjarval.
16. Sérstakir viðburðir Vinnustofa Kjarval efnir til funda og viðburða af ýmsu tagi. Almennt eru slíkir viðburðir hvorki ljósmyndaðir né teknir upp en í einstaka tilvikum er það gert í kynningarskyni, t.d. þegar svipmyndir eru teknar til birtingar á samfélagsmiðlum eða í annað markaðsefni. Með þátttöku í mynduðum viðburðum heimila meðlimir og þeirra gestir Vinnustofu Kjarval að birta myndefni þar sem þeir kunna að sjást og afsala sér rétti til greiðslu vegna slíkra birtinga á vegum vinnustofunnar.	16. Special events Kjarval organizes meetings and events of various kinds. In general, such events are neither photographed nor recorded. Still, in some cases, it is done for promotional purposes, e.g., for social media or other marketing material. By participating in filmed events, members and their guests permit Kjarval to publish footage where they can be seen and waive their right to payment for such publications.
17. Slyss og meiðsli Við viljum að allir meðlimir og gestir þeirra njóti þeirrar og aðstöðu sem er í boði á Vinnustofu Kjarval. Við leggjum okkur fram um að tryggja öryggi allra á staðnum, t.d. með því að uppfylla opinberar heilbrigðis- og öryggiskröfur, ganga frá húsbúnaði, vörum og aukahlutum, snúrum o.s.frv. með viðeigandi hætti. Við hvetjum til sérstakrar varkárni á svölum, ekki síst við meðferð drykkjarfanga sem gætu valdið tjóni og skaða ef þau féllu niður af svölum. Ef meðlimur eða gestur meiðist eða lendir í slysi af einhverju tagi á okkar umráðasvæði biðjum við viðkomandi að tilkynna starfsmanni það eins fljótt og auðið er svo Vinnustofa Kjarval geti brugðist við eftir atvikum.	17. Accidents and injuries We want all members and their guests to enjoy the facilities available at Vinnustofa Kjarval. We strive to ensure the safety of everyone on site, e.g. by meeting official health and safety requirements, finishing furniture, products and accessories, cables, etc. appropriately. We encourage special care on the balcony, not least when handling beverages that could cause damage and damage if they fell off the balcony. If a member or guest is injured or has an accident of any kind in our area, we ask that the person in question notify the employee as soon as possible so that Vinnustofa Kjarval can respond as appropriate.

18. Dýr Korthöfum er heimilt að hafa smáhunda með sér á Vinnustofu Kjarval, en ekki önnur dýr. Eigandi er ábyrgur fyrir sínum hundi og ber honum að taka tillit til annarra gesta, t.d. vegna ofnæmis eða hræðslu við hunda. Hundar skulu ávallt vera í ól á gólfi, en ekki í sófum eða stólum.	18. Animals Cardholders can bring small dogs with them to Vinnustofa Kjarval, but not other animals. The owner is responsible for his dog, and he must consider other guests, e.g., allergies and fear of dogs. Dogs should always be on a leash and on the floor, not on sofas or chairs.
19. Reykingar Reykingar eru bannaðar innandyra, þ.m.t. rafreykingar. Reykingar eru heimilar á svölum, en reykingsfólk skal taka tillit til annarra og forðast reykningar þegar þess er óskað. Við ætlumst til þess að reykingsfólk gangi vel um og fargi sígarettustubbum með viðeigandi hætti. Við áskiljum okkur rétt til að takmarka eða banna reykningar á útisvæðum eftir þörfum og aðstæðum hverju sinni.	19. Smoking Smoking is prohibited indoors, including electric smoking. Smoking is allowed on the balcony, but smokers should consider others and avoid smoking when requested. We want smokers to keep smoking areas clean and dispose of cigarette butts properly. We reserve the right to restrict or prohibit smoking in outdoor areas according to the needs and circumstances of each time.
20. Viðbrögð við agabrotum Vinnustofu Kjarval er heimilt að bregðast við ef orð og/eða gjörðir viðskiptavina skaða orðspor vinnustofunnar. Slík hegðun getur falið í sér en einskorðast ekki við óviðeigandi, ofbeldisfulla eða móðgandi hegðun, hótanir eða miðlun upplýsinga um viðskiptavinum og gesti þeirra. Viðurlög við slíku geta falið í brottvísun af staðnum og jafnvel riftun á aðildarsamningi. Hver sá sem af ásettu ráði fjarlægir, skemmir eða eyðileggur eign vinnustofunnar, korthafa eða annarra gesta skal bæta tjónið að fullu.	20. Response to disciplinary offenses Kjarval may respond if a member or guest damages Kjarval's reputation with inappropriate conduct. Such conduct may involve but is not limited to improper, violent, or abusive behavior, threats, or disclosure of information about customers and their visitors. Penalties for this may include expulsion from Kjarval and termination of the membership. Anyone who intentionally removes, damages, or destroys the property of Kjarval, cardholder, or other guests must fully compensate for the damage.
21. Verðmæti sem glatast Verðmæti sem korthafar og þeirra gestir taka með sér á Vinnustofu Kjarval eru á þeirra eigin ábyrgð. Munir sem týnast eða skemmast eru því ekki á ábyrgð vinnustofunnar, hvorki tölvubúnaður né önnur tæki, skartgripir, fatnaður, aðrir fylgihlutir o.s.frv. Starfsfólk aðstoðar að sjálfsögðu við leit að verðmætum sem glatast, með öllum tiltækum ráðum.	21. Lost valuables Members and their guests bring valuables to Kjarval at their own risk. Items that are lost or damaged are therefore not the responsibility of Kjarval, neither computers, smartphones, other equipment, jewelry, clothing, other accessories, etc. Staff, of course, assists in searching for lost valuables, using all available means.

22. Túlkun á skilmálum/húsreglum Komi upp ágreiningur um merkingu eða túlkun þessara reglna skal vísa honum til fagráðs Vinnustofu Kjarvals, sem er til ráðgjafar um málefni vinnustofunnar.	22. Understanding of terms/house rules Disputes on the meaning/interpretation of these rules are referred to the Kjarval Advisory Board, which advises on Kjarval affairs.
23. Verðbreytingar Aðildarsamningar gilda í 12 mánuði í senn, nema annað sé sérstaklega tilgreint. Að þeim tíma endurnýjast þeir sjálfkrafa og mánaðargjald uppreiknast þá í samræmi við vísitölu neysluverðs.	23. Prices Memberships contracts are valid for 12 months unless otherwise specified. After that, contracts are automatically renewed, and the monthly fee is adjusted to the consumer price index.
24. Breytingar á skilmálum/húsreglum Vinnustofa Kjarval getur breytt skilmálum/húsreglum, ef þörf krefur. Breytingar skulu kynntar í fréttabréfi til viðskiptavina og/eða eftir öðrum rafrænum leiðum, svo þær séu öllum ljósar á hverjum tíma. Athugasemdir eða ábendingar varðandi þessa skilmála/húsreglur óskast sendar á netfangið kjarval@kjarval.com	24. Changes to terms/house rules Kjarval can change the terms/house rules if necessary. Changes are announced in an e-newsletter, so they are clear to everyone at any given time. Members can send suggestions or comments on these terms/house rules to kjarval@kjarval.com